

Fyrir ritstjórn á deildinni B getið þér látið viðkomandi fá 10 rd. fyrir örkina allt að 150 rd. um árið, og í þóknun fyrir útbýtingu tíðindanna og fyrir fjárheimtu og reikningsstörf 50 rd. um árið, og getið þér þar hjá varið allt að 150 rd. um árið til borgunar fyrir að semja landshágsskýrslurnar, og má greiða öll þessi útgjöld og það, sem annars með þarf til prentunar, pappírs og póstsendinga — og hafa þessi gjöld verið reiknuð eptir áætlun þeirri, er þér höfðuð gjört í framannefndu bréfi Yðar — en að frádregnu gjaldi frá kaup-
öndum, úr jarðabókarsjóði Íslands, þannig að viðkomandi upphæð fyrir nú yfirstandandi ár, samkvæmt framannefndum úrskurði hans hátignar, verði færð til útgjalda í 6. grein áætl-
unarinnar.

Konungsbréf.

2a
10da
ágúst

Vér viljum, áður en Vér förum frá landi voru Íslandi, eptir þessa dývl Vora, er hefir verið Oss svo dýrmæt, ráðstafa fjárupphæð, er nemur 4000 rd., til þess, að af fê þessu verði stofnað sjóðr, og skal vöxtum hans varið til tveggja árlegra heiðrsgjafa handa þeim meðal íbúa landsins, er í jarðyrkju, hestarækt, iðnaði, fiskiveidum, sjóferðum eðr verslun hafa sýnt hina mestu og merkilegustu framtakssemi til að auka og bæta atvinnu-
vegi þessa, sem eru svo áriðandi fyrir landið.

Því viljum vér hér með hafa afhent Þér, Oss elskulegum, Voru landshöfðingja yfir Íslandi, upphæð þá, er nefnd var, til þess að hún verði látin ávaxtast að Þinni ráðstöfun, og skal þér falið að gjöra nánari tillögu um reglugjörð fyrir gjafafê þessu.

Vér felum þig Guði lofnum.

Gefið í Reykjavík hinn 10. dag ágústmánaðar 1874.

Christian R.

Tu
vors elskulega landshöfðingja yfir Íslandi Hilmars Finsens kommandörs af danne-
brogen og dbrm.

3
22an
júní.

Reglur

fyrir fangana í hegningarhúsinu í Reykjavík.

1. gr.
Fanginn skal, eptir undirbúningsdývl á móttökustofunni, þar sem hann fær þær á-
kvarðanir að vita, sem fyrir stofnunina gilda, og þar sem hann verðr færðr í ákveðinn
fangabúning, taka út ídæmda hegningu, annaðhvort í einverufangelsi, eðr þannig, að hann
á daginn vinni í samveru við aðra, en sè á nóttunni eptir aðalreglunni í einbýsi.

A móttökustofunni skal rannsaka hvern fanga, og skal hann þá afhenda umsjónar-
manni undantekningarlaust allt, sem hann hefir meðferðis til stofnunarinnar.

2. gr.

Skyldur fanga eru yfir höfuð þessar:

1. Fyrirskipaða húshætti skal hann í einu og sérhverju halda og samstundis gegna bendingum þeim, er honum verða gjörðar.
2. Hann skal sýna öllum yfirboðurum sínum virðingu og skilyrðislausa hlýðni.
3. Hann skal með þögn, guðrækni og eptirtekt hlýða á helgar tíðir og húsvitjanir sálu-
sorgarans.
4. Það, sem honum er fyrir sett að vinna, skal hann gjöra með iðni og alúð. Um vinnu-
timann má hann aldrei vera iðjulaus.
5. Meðfanga sína skal hann umgangast með velvilja og friðsemi. Taki hann hegningu